# deiliskipulag
# reita B1-1, B1-3, B2 og B4
## í miðbæ Kópavogs

sérskilmálar skipulags

Kópavogur 14. desember 2021

Auður D. Kr.

Auður D. Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi

KÓPAVOGSBÆR
Skipulags- og byggingardeild
DEILISKIPULAG
Stjórnartíðindi B-deild nr.: 1459
Útgáfudagur: 20. des 2021

3. desember 2021
Uppdráttur leiðréttur

15. september 2021
Uppdráttur breyttur

Kópavogsbær

PK ARKITEKTAR

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026

# SÉRSKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B1-1 FANNBORGARREITUR




SKÝRINGAR / TÁKN:

- Mörk skipulags
- Lóðamörk nýrra lóða
- Reitir deiliskipulags
- Lóðarmörk núverandi lóða
- Byggingarreitur bílakjallara
- Bundin byggingarlína
- Nýr byggingarreitur
- Núverandi byggingar
- Byggingar til niðurrifs
- Krafa um þakgarð
- Skilgreind almenningsrými
- Mannlífsásinn
- Sérafnotasvæði innan lóðamarka
- Götur
- Kvöð um "opnar jarðhæðir"
- 1.234m² Lóðarstærð
- Kvöð um gönguleið
- Staðsetning inganga almennings í bílakjallara (leiðbeinandi)
- Innkeyrsla í bílakjallara
- K +12.34 Hæðarkóti yfirborðs (leiðbeinandi)
- GK +12.34 Hæðarkóti aðkomuhæðar (leiðbeinandi)
- 1H Fjöldi hæða
- N=-.-- Hámarks nýtingarhlutfall lóða
- L Leiksvæði (staðsetning leiðbeinandi)
- DG Djúpgámar Niðurgrafin sorpílát (staðsetning leiðbeinandi)

MIÐBÆR KÓPAVOGS

**Fannborgarreitur B1-1**

DEILISKIPULAG

**SKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B1-1**

| | |
|---|---|
| VERKHLUTI: DEILISKIPULAG | DAGS.: 01.10.2020 |
| | MKV.: 1:500 (A3) |

## SKIPULAGSSKILMÁLAR LÓÐ B1-1

Fjölbýlishús á 1-12 hæðum og kjallara á 2 hæðum í tengslum við bílakjallara á 2 hæðum.
Atvinnustarfsemi á jarðhæð að Mannlífsásnum og að Torgi.
Hámarks íbúðafjöldi: 270 íbúðir
Bílastæði í bílakjallara, hámark: 490 stæði

Gólfkótar aðkomuhæða eru leiðbeinandi.


**PK ARKITEKTAR**
Brautarholt 4 105 Reykjavík
kt 680504-2880 s 551 8050
www.pk.is pk@pk.is


Kópavogsbær

Teikning

1.00

Skjal sótt af '000000000' dags: 18.08 2026

# SÉRSKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B1-1 FANNBORGARREITUR




Fannborg nr. 4 | Fannborg nr. 2 | Digranesvegur nr. 5

SNIÐ D-D, mkv 1:500 (A3)



LYKILMYND
LÓÐ B1-1

SKÝRINGAR / TÁKN:

- Mörk skipulags
- Lóðamörk nýrra lóða
- Reitir deiliskipulags
- Lóðarmörk núverandi lóða
- Byggingarreitur bílakjallara
- Bundin byggingarlína
- Nýr byggingarreitur
- Núverandi byggingar
- Byggingar til niðurrifs
- Krafa um þakgarð
- Skilgreind almenningsrými
- Mannlífsásinn
- Sérafnotasvæði innan lóðamarka
- Götur
- Kvöð um "opnar jarðhæðir"
- 1.234m² Lóðarstærð
- Kvöð um gönguleið
- Staðsetning innganga almennings í bílakjallara (leiðbeinandi)
- Innkeyrsla í bílakjallara
- K +12.34 Hæðarkóti yfirborðs (leiðbeinandi)
- GK +12.34 Hæðarkóti aðkomuhæðar (leiðbeinandi)
- 1H Fjöldi hæða
- N=-.-- Hámarks nýtingarhlutfall lóða
- L Leiksvæði (staðsetning leiðbeinandi)
- DG Djúpgámar Niðurgrafin sorpílát (staðsetning leiðbeinandi)




F2 Fannborg nr. 2 | Fannborg nr. 8

SNIÐ B-B, mkv 1:500 (A3)

MIÐBÆR KÓPAVOGS

**Fannborgarreitur B1-1**

DEILISKIPULAG

**SKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B1-1**

| VERKHLUTI: | DAGS.: 01.10.2020 |
|---|---|
| DEILISKIPULAG | MKV.: 1:500 (A3) |


**PK ARKITEKTAR**
Brautarholt 4 105 Reykjavík
kt 680504-2880 s 551 8050
www.pk.is pk@pk.is


Kópavogsbær

Teikning

2.00

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026

**B1-1**
**SÉRSKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B1-1 BYGGINGARREITIR F2 OG F4**

Ný lóð Fannborgar er 8.827 m2 eða u.þ.b. 0,88ha og hámark byggingarmagns ofanjarðar (brúttó A+B) er 18.000 m2. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar ofanjarðar er N= 2,04. Reiturinn er staðsettur mitt á milli Hamraborgar 10-38 og Fannborgar 1-9. Hann afmarkast af reit B4 til austurs og til vesturs við vestari enda Fannborgar 6 og 4 af Fannborg. Á reitnum er leyfilegt að byggja fjölbýlishús á 1-12 hæðum auk þess að heimilt er að byggja kjallara á tveimur hæðum. Atvinnuhúsnæði er á jarðhæð við mannlífsás og í byggingu F4. Einnig er á reitnum ráðgert tröppumannvirki sem veitir aðkomu að vistvænum samgöngum og tryggir virka ferðamáta á skipulagssvæðinu, auk þess að veita stiglaust aðgengi að Fannborg 8.

**1. HÚSAGERÐ F2**
Bygging F2 er fjölbýlishús á allt að 12 hæðum auk þess að heimilt er að byggja kjallara á tveimur hæðum. Hámarks íbúðarfjöldi í F2 og F4 er samtals 270 íbúðir.

**Jarðhæðir**
Öll jarðhæðastarfsemi lóðarinnar skal vera verslunar- og þjónustuhúsnæði, nema á suður-og austurhlið sem snýr að Fannborg 1-9, þar sem er heimilt að vera með íbúðarhúsnæði á jarðhæðum.
Fyrir framan íbúðir eru skilgreind græn svæði innan lóðarmarka sem heimilt er að nýta sem sérafnotareiti fyrir bygginguna, skilgreindir nánar á aðaluppdráttum. Krafa er að allar húshliðar á lóðinni sem tilheyra atvinnurekstri hafi annað hvort virkar eða opnar jarðhæðir (sjá nánar virkar og opnar jarðhæðir í kafla 7.12 í greinargerð með deiliskipulagi.
Mikilvægt er að á norðurhlið lóðarinnar, sem snýr að mannlífsásnum, verði lögð sérstök áhersla á verslunar- og þjónustuhúsnæði til að styðja við lífvænleika göngusvæðisins.
Skipulagið hvetur til smærri eininga af verslunar- og þjónustuhúsnæði til þess að gera götuhliðar fjölbreyttari og til að stuðla að líflegu götulífi meðfram byggingum. Í bílastæðaskilmálum í kafla 8 eru ívilnanir til þess að hvetja til smærri eininga verslunar- og þjónustuhúsnæðis.
**Efri hæðir**
Á efri hæðum er gert ráð fyrir fjölbreyttu úrvali íbúðarkosta. Hámarksfjöldi íbúða á reitnum er 270 íbúðir.
**Kjallarar**
Heimilt er að byggja tveggja hæða bílakjallara undir öllum reitnum (sjá útlínur bílakjallara á skipulagsuppdrætti). Þar er gert ráð fyrir bílgeymslum, tæknirýmum, hjóla-og vagnageymslum og geymslum auk annarra þjónusturýma.
**Aðkoma**
Aðkoma er norðan og sunnan við bygginguna á jarðhæð og er gert ráð fyrir fjórum stigagöngum í húsinu. Aðgengi að stigahúsum er einnig frá báðum hæðum bílakjallara.

**1. HÚSAGERÐ F4**
Um húsagerð F4 gildir sama og um húsagerð F2.
Á efri hæðum verða íbúðir. Í kjallara og jarðhæð byggingarreitsins skal vera verslunar- og þjónustuhúsnæði eða veitingastaðir og gerð er krafa um opnar kjallara- og jarðhæð. Krafa er að allar húshliðar á lóðinni sem tilheyra atvinnurekstri hafi annað hvort virkar eða opnar jarðhæðir (sjá nánar virkar og opnar jarðhæðir í kafla 7.12 í greinargerð).

**2. ÚTLIT OG ÁSÝND BYGGINGA Á LÓÐ B1-1**
Skipulagið gerir kröfu um vandaða byggingarlist og uppbrot bygginga til að opna fyrir sjónlínur og birtu inn í almenningsrými. Byggingar skulu stallast upp frá mannlífsásnum. Á skipulagsuppdrætti eru sýndar hæðir stöllunar sem hönnuðir mannvirkja skulu útfæra nánar svo vel falli að byggingum þeirra. Hámarkshæðir bygginga koma fram á skipulagsuppdrætti og skilmálasneiðingum. Lögð er áhersla á fjölbreytni bygginga á svæðinu og mikilvægt að byggingar á hverri lóð fyrir sig hafi ákveðna sérstöðu í vali á byggingarefnum, formi og ásýnd. (sjá nánar í kafla 7 í greinargerð).
Á skipulagsuppdrætti eru sýnd græn þök með þakgörðum (sjá nánar í kafla 7.9 í greinargerð). Þökin má einnig útfæra á annan hátt, t.d. með glerþökum eða sambærilegu, sem eykur notagildi og bætir ásýnd.
Við hönnun húss og lóðar skal miða við að hvoru tveggja falli sem best að landi og yfirborði aðliggjandi svæða. Leitast skal við að í íbúðir komi dagsbirta frá tveimur áttum. Leggja skal áherslu á að mynda skjólgóð dvalarsvæði á lóð og þökum sem liggja sem best við sól. Sérstaklega skal huga að góðu aðgengi barna að leiksvæðum og öryggi þeirra haft að leiðarljósi. Gera skal grein fyrir gönguleiðum innan lóðar á lóðarteikningu. Hönnuðir skulu kynna sér hönnun húsa og aðliggjandi lóða, nýjum og þeim sem fyrir eru, með það í huga að skapa gott samspil hvað varðar útlit og frágang ss. efnis-, áferðar- og litaval á einstökum byggingarhlutum. Íbúðum á jarðhæð skal fylgja sérafnotasvæði þar sem því verður við komið. Möguleg afmörkun sérsafnotasvæða skal vera gerð í samræmi við heildarútlit hússins og koma fram á aðaluppdráttum. Ennfremur er vísað í ákvæði í almennum skilmálum fyrir svæðið hvað varðar hönnun bygginga og lóðar (kafli 5 í greinargerð). Aðra skilmála varðandi byggingar er að finna í kafla 7 í greinargerð.

**3. BYGGINGARREITIR**
Staðsetning byggingarreita er sýnd á mæliblöðum, skilmálateikningum og skipulagsuppdrætti. Gefinn er upp byggingarreitur fyrir mannvirki í heild ásamt annars vegar leiðbeinandi og hins vegar bindandi byggingarlínum sem hönnuðum er gert að fylgja. Leitast skal við að brjóta upp ytra form byggingar í takt við deiliskipulagsuppdrátt og viðkomandi skýringarmynd. Byggingarreitur er táknaður með brotinni línu. Byggingar og svalir skulu vera innan byggingarreits en þurfa ekki að fylla út í byggingarreit. Þó er heimilt að svalir standi allt að 1m út fyrir byggingarreit og útlínu bygginga á þeim úthliðum sem snúa að inngarði og ekki að almenningsrýmum eða götum.

**4. GRUNNFLÖTUR HÚSA OG FJÖLDI ÍBÚÐA**
Lóðarstærð Fannborgar B1-1 : 8.827m2
Fjölbýlishús, íbúðafjöldi : hámark 270 íbúðir
Hámarks flatarmál húsa ofanjarðar (án kjallara) : 18.000m2
Hámarks flatarmál kjallara : 13.424m2
Heimilt er að byggja hús sem eru minni að grunnfleti og flatarmáli

**5. HÆÐIR HÚSA**
Hæð bygginga er gefin upp sem hæðarfjöldi og hámarkshæð efstu brúnar frá yfirborði gólfplötu jarðhæðar. Þar sem hæð á uppdráttum er takmörkuð með uppgefnum landkóta gildir hann umfram aðrar upplýsingar. Hæðarfjöldi er frjáls innan uppgefinnar hámarkshæðar. Heimilt er að byggingar séu lægri en hámarkshæð. Hæðarkótar fyrir gólfplötu jarðhæðar (yfirborðshæðar) eru sýndir á skilmálateikningu. Hámarkshæð bygginga (byggingarhluta) er gefin upp á skilmálateikningu. Uppgefnir hæðarkótar í deiliskipulagi eru leiðbeinandi. Byggingarhlutar sem óhjákvæmilega þurfa að ná hærra en uppgefin hámarkshæð, t.d. lyftuhús, þakgluggar, skorsteinar og loftræstibúnaður mega að hámarki ná 2 metrum hærra en þakbrún. Skal frá þeim gengið með afskermun í samræmi við klæðningu viðkomandi byggingar og skal gerð og útlit koma fram á aðaluppdráttum.

**6. ÞAKFORM**
Þakform er frjálst innan takmarkana uppgefinnar hámarkshæðar. Flatt þak skal hafa lágmarks vatnshalla að niðurföllum. Leitast skal við að brjóta upp efstu hæðir bygginganna (byggingarhluta) í formi og gluggasetningu.

**7. BÍLA- OG HJÓLASTÆÐI**
Hámarksfjöldi bílastæða á reit B1-1 er 1 bílastæði fyrir hverja íbúð á reitnum.
Hámarksfjöldi bílastæða fyrir verslunar-og þjónustuhúsnæði er 1 bílastæði fyrir hverja 100m2 verslunar- og þjónustuhúsnæðis á reitnum.
Heimild er fyrir allt að 200 viðbótar bílastæðum fyrir verslun og þjónustu og aðliggjandi íbúabyggð á skipulagssvæðinu í bílakjallara á reit B1-1.

Lágmarksfjöldi reiðhjólastæða á reit B1-1 er 2 reiðhjólastæði á íbúð og 1 reiðhjólastæði fyrir hverja 100m2 verslunar- og þjónustuhúsnæðis á reitnum.
Aðkoma að bílakjallara sem fram kemur í skipulagsgögnum er leiðbeinandi. Hönnuðum er heimilt að staðsetja aðkomur að bílakjallara á annan hátt að undangengnu samþykki skipulagsráðs. Gera skal ráð fyrir aðstöðu til hleðslu rafbíla í bílakjallara og útfærsla þess fyrirkomulags samþykkt af skipulagsráði.

**8. SORPGEYMSLUR**
Staðsetning sorpgáma er sýnd á deiliskipulagsuppdráttum ásamt séruppdráttum. Staðsetningin er merkt á uppdráttum með tákninu DG. Staðsetning er leiðbeinandi en aðgengi að sorplosun skal vera auðvelt fyrir íbúa. Endanleg staðsetning og fyrirkomulag sorpgámakerfis skal unnið í nánu samstarfi við Kópavogsbæ.

**9. HLJÓÐVIST**
Vísað er til reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og leiðir til að draga úr og koma í veg fyrir hávaða í byggð. Í reglugerðinni eru settar fram kröfur fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæðum. Þar segir að hljóðstig utan við húsvegg skuli ekki vera meira en 55dB (A) og hámark 30dB (A) innanhúss. Samkvæmt 5.gr geta skipulagsyfirvöld þó ákveðið að hljóðstig megi vera hærra en 55dB (A) ef hljóðstig á útisvæðum og fyrir utan glugga á a.m.k. einni hlið íbúðar frá bílaumferð fari ekki yfir 50dB (A), sbr. ÍST45, flokk C. Ef íbúðir hafa hlið sem snýr að hljóðlátara svæði uppfylla allar íbúðir kröfur skipulagsyfirvalda.

**10. SÉRAFNOTASVÆÐI**
Fyrir íbúðir á jarðhæð skal, þar sem því verður viðkomið, afmarka sérafnotasvæði til einkanota fyrir framan viðkomandi íbúðir og skulu þau sýnd á aðaluppdráttum.

**11. ALMENNINGSRÝMI**
Allt yfirborð innan lóðar, fyrir utan skilgreinda sérafnotareiti við íbúðir á jarðhæðum, fellur undir skilgreiningu um almenningsrými. Á milli reita F2 og F4 liggur mannlífsásinn, þar sem sérstaklega er lögð áhersla á góð og vönduð almenningssvæði. Á milli reits F2 og lóðar Fannborgar 1-9 er almenningsrými þar sem mikilvægt er að draga úr kuldalegu umhverfi sem fellst í löngum vegg meðfram Fannborg 4. Það yrði einnig gert með fjölbreyttum gróðri og blágrænum ofanvatnslausnum þar sem því verðr komið við. Tryggja skal góð skilyrði fyrir gangandi og hjólandi manneskjur í almenningsrýmum innan reits og aðgengi og björgunarsvæði fyrir neyðar- og slökkviliðsbifreiðar. Að öðru leiti er allt yfirborð almenningsrýma innan reitsins bíllaust svæði. (sjá nánar í köflum 6 og 9 í greinargerð).

**12. GIRÐINGAR OG SMÁHÝSI**

Lóðarhafa er ekki heimilt að girða lóðina af og skal hann hafa samráð við aðliggjandi lóðarhafa um endanlegan frágang lóðamarka. Vísað er til almenna skilmála um skipulagssvæðið þar sem gerð er krafa um hönnun, framkvæmd og umhirðu almenningssvæða sem eitt samhangandi svæði aðlagað að því yfirborði sem fyrir er á nágrannalóðum. Ekki er heimilt að setja smáhýsi á lóð nema með samþykki byggingaryfirvalda Kópavogs.

**13. NIÐURRIF HÚSA**

Gert er ráð fyrir niðurrifi á núverandi byggingum Fannborgar 2, 4 og 6 ásamt núverandi bílastæðamannvirkjum innan marka reitsins (sjá nánar í húsakönnun, dagsett febrúar 2020).
Útbúin verður ein lóð og byggingarreitir skilgreindir innan hennar.

Að öðru leiti er vísað til byggingarskilmála í greinargerð með deiliskipulaginu : Kafli 5. Almennir skilmálar, Kafli 6. Almenningsrými, Kafli 7. Byggingar, Kafli 8. Bílakjallarar, bíla- og hjólastæði og Kafli 9. Landslag, gróður og vindhönnun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026

MIÐBÆR KÓPAVOGS

**Fannborgarreitur B1-1**

DEILISKIPULAG

**SKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B1-1**

| | | | |
|---|---|---|---|
| VERKHLUTI: | DEILISKIPULAG | DAGS.: | 01.10.2020 |
| | | MKV.: | 1:500 (A3) |

**PK ARKITEKTAR**
Brautarholt 4 105 Reykjavík
kt 680504-2880 s 551 8050
www.pk.is pk@pk.is

Kópavogsbær

Teikning

# SÉRSKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B4 - TRAÐARREITUR VESTUR






LYKILMYND
LÓÐ B4

SKÝRINGAR / TÁKN:

- Mörk skipulags
- Lóðamörk nýrra lóða
- Reitir deiliskipulags
- Lóðarmörk núverandi lóða
- Byggingarreitur bílakjallara
- Bundin byggingarlína
- Nýr byggingarreitur
- Núverandi byggingar
- Byggingar til niðurrifs
- Krafa um þakgarð
- Skilgreind almenningsrými
- Mannlífsásinn
- Sérafnotasvæði innan lóðamarka
- Götur
- Kvöð um "opnar jarðhæðir"
- 1.234m² — Lóðarstærð
- Kvöð um gönguleið
- Staðsetning innganga almennings í bílakjallara (leiðbeinandi)
- Innkeyrsla í bílakjallara
- K +12.34 — Hæðarkóti yfirborðs (leiðbeinandi)
- GK +12.34 — Hæðarkóti aðkomuhæðar (leiðbeinandi)
- 1H — Fjöldi hæða
- N=-.-- — Hámarks nýtingarhlutfall lóða
- L — Leiksvæði (staðsetning leiðbeinandi)
- DG — Djúpgámar Niðurgrafin sorpílát (staðsetning leiðbeinandi)

## SKIPULAGSSKILMÁLAR LÓÐ B4

Fjölbýlishús á 1-7 hæðum með
kjallara á 2 hæðum auk bílakjallara á 2 hæðum
Atvinnustarfsemi á jarðhæð að Mannlífsásnum
og að Digranesvegi.
Hámarks íbúðafjöldi: 280 íbúðir
Bílastæði í bílakjallara, hámark: 563 stæði

Gólfkótar aðkomuhæða eru leiðbeinandi.

MIÐBÆR KÓPAVOGS

**Traðarreitur-vestur B4**

DEILISKIPULAG

**SKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B4**

| | |
|---|---|
| VERKHLUTI: DEILISKIPULAG | DAGS.: 01.10.2020 |
| | MKV.: 1:500 (A3) |

**PK ARKITEKTAR**
Brautarholt 4 105 Reykjavík
kt 680504-2880 s 551 8050
www.pk.is pk@pk.is

Kópavogsbær

Teikining

4.00

Skjal sótt af '000000000' dags: 18.08 2026

# SÉRSKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B4 TRAÐARREITUR VESTUR




SNIÐ C-C, mkv 1:500 (A3)




SKÝRINGAR / TÁKN:

- Mörk skipulags
- Lóðamörk nýrra lóða
- Reitir deiliskipulags
- Lóðarmörk núverandi lóða
- Byggingarreitur bílakjallara
- Bundin byggingarlína
- Nýr byggingarreitur
- Núverandi byggingar
- Byggingar til niðurrifs
- Krafa um þakgarð
- Skilgreind almenningsrými
- Mannlífsásinn
- Sérafnotasvæði innan lóðamarka
- Götur
- Kvöð um "opnar jarðhæðir"
- 1.234m² Lóðarstærð
- Kvöð um gönguleið
- Staðsetning innganga almennings í bílakjallara (leiðbeinandi)
- Innkeyrsla í bílakjallara
- K +12.34 Hæðarkóti yfirborðs (leiðbeinandi)
- GK +12.34 Hæðarkóti aðkomuhæðar (leiðbeinandi)
- 1H Fjöldi hæða
- N=-.-- Hámarks nýtingarhlutfall lóða
- Leiksvæði (staðsetning leiðbeinandi)
- Djúpgámar Niðurgrafin sorpílát (staðsetning leiðbeinandi)




SNIÐ A-A, mkv 1:500 (A3)

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08.2026

MIÐBÆR KÓPAVOGS

**Traðarreitur-vestur B4**

DEILISKIPULAG

**SKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B4**

| | |
|---|---|
| VERKHLUTI: DEILISKIPULAG | DAGS.: 01.10.2020 |
| | MKV.: 1:500 (A3) |

**PK ARKITEKTAR**
Brautarholt 4 105 Reykjavík
kt 680504-2880 s 551 8050
www.pk.is pk@pk.is

Kópavogsbær

Teikning

5.00

**B4**
**SÉRSKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B4 – TRAÐARREITUR VESTUR (REITUR B4)**

Ný lóð Traðarreits B4 er 9.100 m2 og hámark byggingarmagns ofanjarðar (brúttó A+B) er 22.000 m2. Hámarks nýtingarhlutfall lóðar ofanjarðar er N= 2.42. Reiturinn er staðsettur á austurhluta skipulagsvæðisins og afmarkast af Digranesvegi til suðurs og Hamraborg 30-34 10-38 til norðurs, Vallartröð til austurs og Neðstatröð til vesturs.
Á reitnum er leyfilegt að byggja fjölbýlishús á 1-7 hæðum auk þess að heimilt er að byggja kjallara á tveimur hæðum. Atvinnuhúsnæði er á jarðhæð viðmannlífsásinn og á jarðhæð og Digranesvegi.

**1. HÚSAGERÐ**

Byggingar á reit B4 eru fjölbýlishús á allt að 7 hæðum auk þess sem heimilt er að byggja kjallara á tveimur hæðum. Hámarks íbúðafjöldi er samtals 280 íbúðir.

**Jarðhæðir**
Á jarðhæðum sem snúa til norðurs að mannlífsásnum og til suðurs að Digranesvegi skal vera verslunar- og þjónustuhúsnæði. Krafa er að allar húshliðar á lóðinni sem tilheyra atvinnurekstri hafi annað hvort virkar eða opnar jarðhæðir (sjá nánar virkar og opnar jarðhæðir í kafla 7.12 í greinargerð með deiliskipulagi).
Mikilvægt er að á norðurhlið bygginganna sem snúa að mannlífsásnum verði lögð sérstök áhersla á verslunar- og þjónustuhúsnæði til að styrkja og styðja við lífvænleika göngusvæðisins. Þjónusta getur verið af ólíkum toga sem fellur undir landnotkunarskilgreiningu fyrir miðsvæði (M1) í Aðalskipulagi Kópavogs t.d. veitingarekstur, kaffihús og samfélagslegt húsnæði s.s. heilsugæsla, leikskólar o.fl. Ekki er heimilt að reka spilavíti, skemmtistaði eða bari sem opnir eru lengur en til kl.11.00 á kvöldin innan reitsins.
Skipulagið hvetur til smærri eininga af verslunar- og þjónustuhúsnæði til þess að gera götuhliðar fjölbreyttari og til að stuðla að líflegu götulífi meðfram byggingum. Í bílastæðaskilmálum í kafla 8 í greinargerð eru ívilnanir til þess að hvetja til smærri eininga verslunar- og þjónustuhúsnæðis.

**Efri hæðir**
Á lóðinni er gert ráð fyrir fjölbreyttu úrvali íbúða. Hámarksfjöldi íbúða á reitnum er 280 íbúðir. Heimilt er að ákveðið hlutfall íbúða geti orðið námsmannaíbúðir, félagslegar íbúðir eða leiguíbúðir, með samþykki bæjarfirvalda í Kópavogi.

**Kjallarar**
Heimilt er að byggja tveggja hæða bílakjallara undir öllum reitnum (sjá útlínur bílakjallara á skipulagsuppdrætti). Þar er gert ráð fyrir bílgeymslum, tæknirýmum, hjóla-og vagnageymslum og geymslum auk annarra þjónusturýma.

**Aðkoma**
Aðkoma er frá Digranesvegi og Vallartröð. Einnig er gert ráð fyrir inn- og útkeyrslu í bílakjallara frá Vallartröð en staðsetning er leiðbeinandi. Ef kemur í ljós að þörf verður á annarri aðkomu í bílakjallara, skal hún einnig vera frá Vallartröð. Aðgengi að stigahúsum er einnig frá báðum hæðum bílakjallara.

**2. ÚTLIT OG ÁSÝND BYGGINGA Á LÓÐ B4**
Skipulagið gerir kröfu um vandaða byggingarlist og uppbrot bygginga til að opna fyrir sjónlínur og birtu inn í almenningsrými. Byggingar skulu stallast upp frá mannlífsásnum. Á skipulagsuppdrætti eru sýndar hæðir stöllunar sem hönnuðir mannvirkja skulu útfæra nánar svo falli vel að byggingum þeirra. Hámarkshæðir bygginga koma fram á skipulagsuppdrætti og skilmálasneiðingum. Lögð er áhersla á fjölbreytni byggingarhluta á lóðinni og mikilvægt að hver byggingarhluti hafi ákveðna sérstöðu í vali á byggingarefnum, formi og ásýnd (sjá nánar í kafla 7 í greinargerð). Byggingar við Digranesveg hækka og lækka í þrepum til að opna fyrir sjónlínur, draga úr skuggamyndun og létta á yfirbragði bygginga. Á norðurhluta lóðar sem snýr að mannlífsásnum eru gerðar kröfur um ákveðið uppbrot í lögun bygginga og hæðum (sjá nánar á skipulagsuppdrætti).
Gerð er krafa um uppbrot byggingar á þeirri hlið er snýr að Vallartröð með það að markmiði að brjóta upp samfellda veggfleti í smærri fleti. Samfelldur flötur húshliðarinnar skal vera að hámarki 8 metrar og uppbrot lágmark 1 meter að dýpt (sjá leiðbeinandi uppbrot á skipulagsuppdrætti).

Á skipulagsuppdrætti eru sýnd græn þök með þakgörðum á lægri þökum reitsins (sjá nánar í kafla 7.9 í greinargerð). Þar er einnig heimild fyrir sérafnotareitum íbúða ásamt almennu afnotasvæði fyrir byggingarnar.

Við hönnun húss og lóðar skal miða við að hvoru tveggja falli sem best að landi og yfirborði aðliggjandi svæða. Leitast skal við að í íbúðir komi dagsbirta frá tveimur áttum. Leggja skal áherslu á að mynda skjólgóð dvalarsvæði á lóð og þökum sem liggja sem best við sól. Sérstaklega skal huga að góðu aðgengi barna að leiksvæðum og öryggi þeirra haft að leiðarljósi. Gera skal grein fyrir gönguleiðum innan lóðar á lóðarteikningu. Hönnuðir skulu kynna sér hönnun húsa og aðliggjandi lóða, nýrra og þeirra sem fyrir eru, með það í huga að skapa gott samspil hvað varðar útlit og frágang ss. efnis-, áferðar- og litaval á einstökum byggingarhlutum. Íbúðum á jarðhæð skal fylgja sérafnotasvæði þar sem því verður við komið. Möguleg afmörkun sérsafnotasvæða skal vera gerð í samræmi við heildarútlit hússins og koma fram á aðaluppdráttum. Ennfremur er vísað í ákvæði í almennum skilmálum fyrir svæðið hvað varðar hönnun bygginga og lóðar (kafli 5 í greinargerð). Aðra skilmála varðandi byggingar er að finna í kafla 7 í greinargerð.

**3. BYGGINGARREITIR**
Staðsetning byggingarreita er sýnd á mæliblöðum, skilmálateikningum og skipulagsuppdrætti. Gefinn er upp byggingarreitur fyrir mannvirki í heild ásamt annars vegar leiðbeinandi og hins vegar bindandi byggingarlínum sem hönnuðum er gert að fylgja. Leitast skal við að brjóta upp ytra form bygginga í takt við deiliskipulagsuppdrátt og viðkomandi skýringarmynd. Byggingarreitur er táknaður með brotinni línu. Byggingar skulu vera innan byggingarreits en þurfa ekki að fylla út í byggingarreit. Þó er heimilt að svalir standi allt að 1m út fyrir byggingarreit og útlínu bygginga á þeim úthliðum sem snúa að inngarði og ekki að almenningsrýmum eða götum.

**4. GRUNNFLÖTUR HÚSA OG FJÖLDI ÍBÚÐA**
Lóðarstærð Traðarreits vestur : 9.100m2
Fjölbýlishús, íbúðafjöldi : hámark 280 íbúðir
Hámarks flatarmál húsa ofanjarðar (án kjallara) : 22.000m2
Hámarks flatarmál kjallara : 13.490m2
Heimilt er að byggja hús sem eru minni að grunnfleti og flatarmáli.

**5. HÆÐIR HÚSA**
Hæð bygginga er gefin upp sem hæðarfjöldi og hámarkshæð efstu brúnar frá yfirborði gólfplötu jarðhæðar. Þar sem hæð á uppdráttum er takmörkuð með uppgefnum landkóta gildir hann umfram aðrar upplýsingar. Hæðarfjöldi er frjáls innan uppgefinnar hámarkshæðar. Heimilt er að byggingar séu lægri en hámarkshæð. Hæðarkótar fyrir gólfplötu jarðhæðar (yfirborðshæðar) eru sýndir á skilmálateikningu. Hámarkshæð bygginga (byggingarhluta) er gefin upp á skilmálasneiðingu. Uppgefnir hæðarkótar í deiliskipulagi eru leiðbeinandi. Byggingarhlutar sem óhjákvæmilega þurfa að ná hærra en uppgefin hámarkshæð, t.d. lyftuhús, þakgluggar, skorsteinar og loftræstibúnaður, mega að hámarki ná 2 metrum hærra en þakbrún. Skal frá þeim gengið með afskermun í samræmi við klæðningu viðkomandi byggingar og skal gerð og útlit koma fram á aðaluppdráttum.

**6. ÞAKFORM**
Þakform er frjálst innan takmarkana uppgefinnar hámarkshæðar. Flatt þak skal hafa lágmarks vatnshalla að niðurföllum. Leitast skal við að brjóta upp efstu hæðir bygginganna (byggingarhluta) í formi og gluggasetningu.

**7. BÍLA- OG HJÓLASTÆÐI**
Hámarksfjöldi bílastæða á reit B4 er 1,25 bílastæði fyrir hverja íbúð á reitnum.
Hámarksfjöldi bílastæða fyrir verslunar-og þjónustuhúsnæði er 1 bílastæði fyrir hverja 75m2 verslunar- og þjónustuhúsnæðis á reitnum.
Heimild er fyrir allt að 200 viðbótar bílastæðum fyrir verslun og þjónustu og aðliggjandi íbúabyggð á skipulagssvæðinu í bílakjallara á reit B4.

Lágmarksfjöldi reiðhjólastæða á reit B4 er 2 reiðhjólastæði á íbúð og 1 reiðhjólastæði fyrir hverja 75m2 verslunar- og þjónustuhúsnæðis á reitnum.
Aðkoma að bílakjallara sem fram kemur í skipulagsgögnum er leiðbeinandi. Hönnuðum er heimilt að staðsetja aðkomur að bílakjallara á annan hátt að undangengnu samþykki skipulagsráðs. Gera skal ráð fyrir aðstöðu til hleðslu rafbíla í bílakjallara.

**8. SORPGEYMSLUR**

Staðsetning sorpgáma er sýnd á deiliskipulagsuppdráttum ásamt séruppdráttum fyrir hverja lóð/byggingu. Staðsetningin er merkt á uppdráttum með tákninu DG. Staðsetning er leiðbeinandi en aðgengi að sorplosun skal vera auðvelt fyrir íbúa. Endanleg staðsetning og fyrirkomulag sorpgámakerfis skal unnið í nánu samstarfi við Kópavogsbæ.

**9. HLJÓÐVIST**
Vísað er til reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og leiðir til að draga úr og koma í veg fyrir hávaða í byggð. Í reglugerðinni eru settar fram kröfur fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæðum. Þar segir að hljóðstig utan við húsvegg skuli ekki vera meira en 55dB (A) og hámark 30dB (A) innanhúss. Samkvæmt 5.gr geta skipulagsyfirvöld þó ákveðið að hljóðstig megi vera hærra en 55dB (A) ef hljóðstig á útisvæðum og fyrir utan glugga á a.m.k. einni hlið íbúðar frá bílaumferð fari ekki yfir 50dB (A), sbr. ÍST45, flokk C. Ef íbúðir hafa hlið sem snýr að hljóðlátara svæði uppfylla allar íbúðir kröfur skipulagsyfirvalda.

**10. SÉRAFNOTASVÆÐI**
Fyrir íbúðir á jarðhæð skal, þar sem því verður viðkomið, afmarka sérafnotasvæði til einkanota fyrir framan viðkomandi íbúðir og skulu þau sýnd á aðaluppdráttum.

**11. ALMENNINGSRÝMI**
Allt yfirborð innan reitsins, fyrir utan skilgreinda sérafnotareiti við íbúðir á jarðhæðum og inngarð milli bygginga, fellur undir skilgreiningu um almenningsrými. Gert er ráð fyrir leiksvæði þar sem mikilvægt er að skapa skjólmyndun með fjölbreyttum gróðri og blágrænum ofanvatnslausnum þar sem því verður komið við. Sérstaklega er lögð áhersla á góð og vönduð almenningssvæði, gönguleiðir og torg. Tryggja skal góð skilyrði fyrir gangandi og hjólandi manneskjur í almenningsrýmum innan reits og aðgengi og björgunarsvæði fyrir neyðar- og slökkviliðsbifreiðar. Að öðru leiti er allt yfirborð almenningsrýma innan reitsins bíllaust svæði (sjá nánar í köflum 6 og 9 í greinargerð með deiliskipulaginu).

**12. GIRÐINGAR OG SMÁHÝSI**

Lóðarhafa er ekki heimilt að girða lóðina af og skal hann hafa samráð við aðliggjandi lóðarhafa um endanlegan frágang lóðamarka. Vísað er til almennra skilmála um skipulagssvæðið þar sem gerð er krafa um hönnun, framkvæmd og umhirðu almenningssvæða sem eitt samhangandi svæði aðlagað að því yfirborði sem fyrir er á nágrannalóðum. Ekki er heimilt að setja smáhýsi á lóð nema með samþykki byggingaryfirvalda Kópavogs.

**13. NIÐURRIF HÚSA**

Gert er ráð fyrir niðurrifi á núverandi byggingum; Vallartröð 1, 2, 5, 7 og Neðstutröð 2, 4, 6 og 8, (sjá nánar í húsakönnun, dagsett febrúar 2020).
Útbúin verður ein lóð og byggingarreitur skilgreindur innan hennar (sjá nánar á skipulagsuppdrætti).

Að öðru leiti er vísað til byggingarskilmála í greinargerð með deiliskipulaginu : Kafli 5. Almennir skilmálar, Kafli 6. Almenningsrými, Kafli 7. Byggingar, Kafli 8. Bílakjallarar, bíla- og hjólastæði og Kafli 9. Landslag, gróður og vindhönnun.

Skjal sótt af '00000000' dags: 18.08.2026

MIÐBÆR KÓPAVOGS

**Traðarreitur-vestur B4**

DEILISKIPULAG

**SKILMÁLAR FYRIR LÓÐ B4**

| | | |
|---|---|---|
| VERKHLUTI: | DAGS.: | 01.10.2020 |
| DEILISKIPULAG | MKV.: | 1:500 (A3) |

**PK ARKITEKTAR**
Brautarholt 4 105 Reykjavík
kt 680504-2880 s 551 8050
www.pk.is pk@pk.is

Kópavogsbær

Teikning
6.00